

Íslensk-Bandaríska ehf umsókn um lóðina Skarhólabraut 3 og fyrirspurn varðandi Sunnukrika 9

Til : Haraldur Sverrisson;Þóra M. Hjaltested
Frá : Pétur Kristján Þorgrímsson <petur@isband.is>
CC : Októ Þorgrímsson <okto@isband.is>
Heiti : Íslensk-Bandaríska ehf umsókn um lóðina Skarhólabraut 3 og fyrirspurn varðandi Sunnukrika 9
Málsnúmer : 202205566
Málsaðili : Íslensk-bandaríska ehf.
Skráð dags : 17.05.2022 12:06:26
Höfundur : Pétur Kristján Þorgrímsson <petur@isband.is>
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæl Haraldur og Þóra

Efni: Umsókn um lóðina Skarhólabraut 3 og fyrirspurn varðandi Sunnukrika 9

Íslensk-Bandaríska ehf kt. 6204983439 hér eftir nefnt ÍSBAND sækir hér um lóðina Skarhólabraut 3 til frekari uppbyggingar á framtíðarhúsnæðum félagsins. Gert er ráð fyrir að stofnað yrði byggingafélag í eigu sömu eigenda sem héldi utan um þessa fjárfestingu og myndi gera langtíma leigusamning við ÍSBAND.

ÍSBAND fékk lóðina Sunnukrika 7 úthlutað á síðasta ári og er hönnun húsnæðisins í gangi. Þegar sótt var um lóðina í Sunnukrika voru 20 fastráðnir starfsmenn hjá ÍSBAND en nú eru fastráðnir starfsmenn 37. Velta félagsins var rúmir 2 milljarðar 2020, rúmir 4 milljarðar 2021 og stefnir í 6-8 milljarða 2022. Fimm ára áætlun félagsins gerði ráð fyrir að veltan verði um 5-6 milljarðar fyrir lok árs 2025 en ljóst er að þessi velta næst á þessu ári. Ástæða þessarar miklu aukningar umfram áætlanir félagsins eru að þegar umsóknin var send í september 2020 gátum við ekki boðið upp á neina rafknúna bíla en frá árslokum 2020 þegar við fengum fyrstu rafknúna bílana þá hefur salan verið umfram áætlanir og mikið er framundan í rafvæðingu birgja okkar sem ekki var búið að kynna 2020. Fyrir lok maí verðum við búnir að selja og skrá jafn marga bíla og allt árið 2021. Það er því ljóst að Sunnukrika 7 mun ekki einn og sér duga fyrir starfsemi félagsins.

Það er vilji okkar eigenda ÍSBAND sem höfum verið búsettir í Mosfellsbæ frá 5 og 7 ára aldri að byggja fyrirtækið upp í bæjarfélaginu okkar. Áætlanir fyrir Sunnukrika 7 gerðu ráð fyrir sýningarsal nýrra bíla og þjónustuverkstæði á jarðhæð og varahlutaverslun, lager og skrifstofur á efri hæð. Nú er nokkuð ljóst að þetta húsnæði getur aðeins hýst hluta starfseminnar og erum við því að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni.

Í viðræðum okkar við ykkur kom fram að ekki er búið að úthluta lóðinni Sunnukrika 9 sem liggur samhliða lóð okkar að Sunnukrika 7. Þessi lóð er að hluta í eigu Mosfellsbæjar og hluta í eigu einkaaðila. Er möguleiki að þessi lóð komi til úthlutunar á næstunni annaðhvort að hluta (eignarhluta bæjarins) eða öll lóðin? Það myndi koma sér mjög vel fyrir ÍSBAND að kaupa þessa lóð og geta byggt upp á báðum lóðunum þegar horft er til náinnar framtíðar.

Lóðina við Skarhólabraut 3 sjáum við fyrir okkur sem sérhæft húsnæði fyrir atvinnubíla. Þarna væri sýningarsalur atvinnubíla, varahlutaverslun og þjónustuverkstæði. Þetta myndi létta verulega á plássþörfinni í Sunnukrika 7 að vera með atvinnubíladeildina við Skarhólbraut þar sem úrval þeirra er að aukast mikið og mjög mikil rafvæðing að eiga sér stað.

Það er ósk okkar að vel verði tekið í þessa umsókn og umleitun okkar enda vilji okkar að byggja upp öflugt fyrirtæki í bænum og með þeim vexti sem er í okkar áætlunum. Gangi áætlanir okkar eftir mun ÍSBAND verða eitt stærsta fyrirtæki Mosfellsbæjar með þeim tekjum sem því fylgir fyrir bæinn. Forsenda vaxtar er að geta byggt húsnæði sem rýmir starfseminu til lengri tíma.

Fyrir hönd ÍSBAND,

Pétur Kristján Þorgrímsson
Forstjóri



Íslensk-Bandaríska ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími/Tel: +354 590 2300
GSM/Mobile: +354 896 9399

www.isband.is petur@isband.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Íslensk-Bandaríska ehf. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachments, may contain confidential and/or privileged material and is intended for the addressee only. The contents of the message are the individual sender's responsibility if it is not related to the operation of Íslensk-Bandaríska ehf. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.